



Nýverið tókst að staðsetja myndatökustað norðaustan Heinabergsjökuls þaðan sem danskir landmælingamenn tóku myndir í tengslum við kortlagningarvinnu sína í upphafi síðustu aldar. Horft er yfir Vatnsdal á jökulstíflað lónið sem var mun stærra í kringum aldarmótin 1900. Út frá jaðarurðum og jökulgörðum (frá hámarki litlu ísaldar) í nágrenni Vatnsdalslóns hefur verið áætlað að Heinabergsjökull hafi verið um 150–200 m þykkari þar sem ísstraumarnir koma niður sitt hvoru megin við Litla-Hafrafell. Á eldri myndinni sést vel hversu hátt jökulyfirborðið hefur verið í kringum þar síðustu aldamót. Myndina tók Daniel Bruun, 13. ágúst 1903. Neðri myndina tók Hrafnhildur Hannesdóttir 1. september 2021. Á henni má sjá Snjófjall (með lítinn skálarjökul) og Litla-Hafrafell (sunnar) sem eru umkringd ísstraumum Heinabergsjökuls. Hafrafellið var áður fyrir innilokað þegar Heinabergsjökull og Skálafellsjökull náðu saman á láglendi. Birnudalstindur er hæsti tindurinn sem ber við himininn. – *A number of photographs are preserved from the time of the surveys of the Danish General Staff in 1902–1904. Recently, the site, northeast of the Heinabergsjökull outlet, photographed by Daniel Bruun, August 13, 1903, was revisited. The older photograph shows the elevation of the glacier surface and the extent of the glacier-dammed lagoon in the Vatnsdalur valley. Based on mapping of lateral moraines and trimlines it has been estimated that Heinabergsjökull was approximately 150–200 m thicker where the ice-streams converged around Mt. Litla-Hafrafell, at the peak of the Little Ice Age. The lower photograph was taken by Hrafnhildur Hannesdóttir on September 1, 2021. Mt. Snjófjall (with a small cirque glacier) and Litla-Hafrafell are surrounded by the Heinabergsjökull ice-streams. Mt. Hafrafell was surrounded by the Heinabergsjökull and Skálafellsjökull outlets when they merged on the lowland. Birnudalstindur is the highest peak on the photograph.*

*Hrafnhildur Hannesdóttir*